



Ályktun frá aðalfundi Félags náms- og starfsráðgjafa 2016

Aðalfundur Félags náms- og starfsráðgjafa gerir alvarlegar athugasemdir við að vinna við stefnumótun í faginu hafi legið niðri í rúmt ár. Fundurinn leggur áherslu á alvarleika þess að margra ára vinna, samstarf hagsmunaaðila og rannsóknir sé virt að vettugi og ekki byggt á þeim góða grunni sem unnið hefur verið að síðustu ár. Skýrsla sem starfshópur um þróun náms- og starfsráðgjafa skilaði af sér til Mennta- og menningarmálaráðuneytisins í maí 2015 hefur enn ekki fengið efnislega umfjöllun og úrvinnslu. Það er dapurlegt að ítrekað er talað, ritað og rætt um mikilvægi náms- og starfsráðgjafa, t.d. sem lið í að sporna við brotthvarfi úr námi, en lítið sem ekkert er gert til að efla þjónustuna af þeim sem valdið hafa. Við hvetjum yfirvöld menntamála til að klára þessa vinnu hið snarasta og lýsir félagið sig reiðubúið til samstarfs.

Greinargerð

Mennta- og menningarmálaráðuneytið skipaði starfshóp í maí 2014, um stefnumótun í náms- og starfsráðgjöf. Í starfshópnum sátu fulltrúar mennta- og menningarmálaráðuneytis, velferðarráðuneytis, atvinnu- og nýsköpunarráðuneytis og Félags náms- og starfsráðgjafa. Formaður starfshóps var Guðrún Birna Kjartansdóttir og var verkefnið unnið í samstarfi við Capacent. Hlutverk starfshópsins var að gera tillögur að framtíðarsýn, stefnu og aðgerðum fyrir náms- og starfsráðgjöf í samstarfi við hagsmunaaðila. Stuðst var við vinnu og greiningar sem unnar höfðu verið fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið síðustu ár og við vinnu sérfræðinga í náms- og starfsráðgjöf í Evrópu, European Lifelong Guidance Policy Network (elgpn.eu) sem Ísland tók virkan þátt í.

Grunni að stefnu var skilað til mennta- og menningarmálaráðuneytisins vorið 2015. Þar er áhersla lögð á fimm þætti:

1. Náms- og starfsráðgjöf alla ævi
2. Mótun starfsferils alla ævi
3. Aðgengi að náms- og starfsráðgjöf
4. Uppbyggingu og þróun þjónustunnar
5. Samstarf

Við hvern þátt eru helstu markmið talin upp og leiðir til að ná þeim markmiðum. Einnig eru taldir upp helstu ábyrgðar- og samstarfsaðilar. Áhersla er lögð á verkefni eins og náms- og starfsfræðslu sem mikilvægt tæki í baráttu við brotthvarf, uppbyggingu vefgáttar um nám og störf, aukið samstarf skóla og atvinnulífs, uppbyggingu og þróun náms- og starfsráðgjafa alla ævi, skýrara starfssvið og bætt starfsumhverfi náms- og starfsráðgjafa í skólakerfinu, endurmenntun, eflingu rannsókna og fleira.

Því miður hefur ekki verið unnið markvisst með stefnuna eftir að skýrslunni var skilað til mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Félag náms- og starfsráðgjafa telur tímabært að taka forystuna um málið og hefur óskað eftir fundi með mennta- og menningarmálaráðherra um hvernig nýta eigi þá vinnu og niðurstöður sem koma fram í grunni að stefnu í náms- og starfsráðgjöf.

Næsta skref er að búa til samstarfsvettvang sem hefði umboð til aðgerða og uppbyggingar. Þar væri hægt að nýta stefnuna og fjölbreytta útgáfu ELGPN til að efla náms- og starfsráðgjöf á Íslandi.

Aðalfundur Félags náms- og starfsráðgjafa
Reykjavík, 29. apríl 2016